



Fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd FUNDUR - 27. janúar 2005

Fundur haldinn í fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd fimmtudaginn 27. janúar 2005 kl. 18:00 í grunnskólanum.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Viðbótarkennsla vegna 10. bekkjar.
2. Önnur mál.

Gísli formaður setti fundinn og gaf Þórhöllu skólastjóra orðið..

Afgreiðslur:

1. Þórhalla kynnti fyrir nefndarmönnum tillögu sína og kennara skólans um viðbótarkennslu í 10. bekk þar sem áhersla er lögð á þau fög sem prófað er úr í samræmdu prófunum.
Viðbótarkennslan er til að koma á móts við nemendur vegna verkfalls kennara er var síðastliðið haust. Næstkomandi mánudag verður haldinn fundur með nemendum og foreldrum 10. bekkjar þar sem fyrirkomulag viðbótarkennslu verður kynnt.
2. Þórhalla kynnti fyrir fundarmönnum söfnun sem Húgrún Sif Hallgrímsdóttir tónmenntakennari hóf í haust til kaupa á hljóðfæri fyrir tónmenntakennslu við skólann. Söfnunni er nú lokið og verður hljóðfærið keypt á næstu dögum. Einnig lét Þórhalla nefndarmenn vita að vinnu við brunavarnarkerfi skólans sé nú lokið og kerfið orðið virkt.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18,50

Gísli Guðmundsson
Margrét Einarsdóttir
Eva Hrunn Pétursdóttir
Berglind Björnsdóttir
Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri

Árný Árnadóttir

